



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við komu sýrlenskra flóttamanna
til Íslands**

30. janúar 2017

Háttvirtu ráðherra,
borgarstjóri,
aðrir góðir gestir

Ég býð ykkur hjartanlega velkomin til Íslands. Þið þurftuð að flýja stríð og hörmungar heima fyrir, ég vona að ykkur muni líða vel hér. Við Íslendingar getum ekki bjargað heiminum, getum ekki tekið á móti öllum sem þurfa að flýja heimili sín. Öflugri ríki verða að stuðla að friði þar sem stríð geisar.

En við getum samt lagt okkar skerf af mörkum, boðið öruggt skjól, bætt okkar samfélag með því að sýna í verki víðsýni, umburðarlyndi og mannúð. Við getum fundið þá skyldu í þeirri kristnu trú sem flestir aðhyllast á Íslandi og ekki síður í fyrstu grein Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna: „Hver maður er borinn frjálss, jafn öðrum að virðingu og réttindum. Menn eru gæddir vitsmunum og samvisku, og ber þeim að breyta bróðurlega hverjum við annan.“

Hér á Íslandi viljum við verja sjálfsögð mannréttindi; jafnfrétti kynjanna, tjáningarfrelsi, trúfrelsi, ferðafrelsi og ekki síst frelsi frá ótta. Við höfum ekkert að óttast nema óttann sjálfan eins og Bandaríkjaforseti sagði svo eftirminnilega árið 1933. Ég býð ykkur aftur velkomin til Íslands.